



Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

**Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um verkefnið rafræna vöktun.**

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 10. september 2020, var svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs:

*"Hvað veldur því að verkefnið „Rafræn vöktun“, sem íbúar í Grafarvogi kusu í gegnum íbúalýðræðisgáttina „Hverfið mitt - Grafarvogur“ 2018 og átti að koma til framkvæmda 2019, var sett í bið og skoðun hjá Þjónustu og nýsköpunarsviði. Athygli vekur að verkefnið var komið í undirbúning um miðjan maí 2019, en sett í bið 4 mánuðum síðar. Rétt er að taka fram að tillagan mæltist vel fyrir meðal íbúa Grafarvogs og fékk góðar undirtektir á íbúalýðræðisgáttinni „Hverfið mitt, betri hverfi“ og fékk síðan góða kosningu meðal íbúa Grafarvogs. Með hliðsjón af umræðu um mikilvægi íbúalýðræðis á vettvangi borgarstjórnar og áherslu á þátttöku almennings í forgangsröðun verkefna og framkvæmda í sínu nærumhverfi er áriðandi að tillögur sem eru samþykktar í gegnum íbúalýðræðisgáttir fái skjótan framgang. Standi ekki til að koma umræddu verkefni til framkvæmda er nauðsynlegt að skýra það fyrir íbúum Grafarvogs án tafa. Jafnframt að upplýsa um það ef ekki eigi að nýta þær íbúalýðræðisgáttir sem notaðar hafa verið, eða hvort setji eigi fyrirvara á hvaða tillögur og hugmyndir íbúar megi koma með. Mikilvægt er að tryggja að íbúar í hverfum borgarinnar fái ekki tilfinningu fyrir því að íbúalýðræðisgáttir og tal um þátttöku íbúa í ákvörðunum og forgangsröðun í hverfum sínum, séu hjóm eða sýndarlýðræði."*

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs:

Þann 11. nóvember 2020 er sendur tölvupóstur á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara (SBB), þar sem helstu atíði málsins eru rakin. Skrifstofa framkvæmda og viðhalds telur sig ekki hafa umboð til þess að fara í samningagerð um rekstur öryggismyndavéla í borgarlandinu, heldur verði SBB að leiða þá vinnu.

Málið var til meðferðar hjá borgarritara á SBB til 18. febrúar s.l.

Viðræður SBB við lögreglu og Neyðarlínuna, varðandi samning um rekstur myndavéla í miðborginni, eru ekki hafnar, en ætlunin er að myndavélarnar í Grafarvogi falli inni í þann samning.

Bragi Bergsson,  
skrifstofu framkvæmda og viðhalds